

“Gapparinn”

Eitt lítið fréttabréf um Vistvernd í verki...

desember 2002

2. tbl. 2. árgangur

Ábm. Þóra Bryndís Þórisdóttir

Innihald:

- | | |
|------------------------------------|--------|
| • Inngangur | bls. 1 |
| • Taupokar | bls. 1 |
| • Ný sveitarfélög | bls. 2 |
| • Fyrirtæki sýna Vistvernd í verki | bls. 2 |
| • Vefsíður um meðvituð innkaup | bls. 2 |
| • Grænt jólahald | bls. 3 |
| • Þakkir | bls. 4 |
| • Viðtal við leiðbeinanda | bls. 4 |
| • Viðtal við starfsmann | bls. 5 |
| • Við hverja á að hafa samband? | bls. 6 |

Spakmæli dagsins

*Enginn gerði stærri
mistök en sá sem gerði
ekkert, vegna þess að
hann gat gert svo lítið.*

Edmund Burke

Inngangur

Hér lítur fjórða eintakið af fréttabréfinu „Gapparanum” dagsins ljós. Margt er í bígerð í Vistvernd í verki og lítur út fyrir að á næstu mánuðum fjölgi vishópum. Sex styrktaraðilar standa nú að baki verkefninu, Umhverfísráðuneytið, Fjarðarkaup, Toyota, Sorpa, Orkuveita Reykjavíkur og Landsvirkjun. Hér á eftir má lesa nánar um það sem er framundan og helstu fréttir af verkefninu Vistvernd í verki. Einnig birtum við viðtöl við leiðbeinanda og við nýjan starfsmann Vistverndar í verki, Þóru Bryndísi Þórisdóttur. Ekki má gleyma því að þetta er „Jólagappari” og því fylgir ýmiskonar efni um jólahald. Á heimasíðu Vistverndar í verki er svo einnig kominn jóladálkur með ýmsum hugmyndum og greinum: www.landvernd.is/heimili. Njótið vel!

Taupokar – tilvalin jólagjöf

Í næstu viku munu okkur berast vandaðir innkaupataupokar með áprentun Vistverndar í verki. Tæknilegar ástæður urðu til þess að ekki tókst að prenta á þunna axlapoka þannig að aðeins um eina gerð poka er að ræða og kosta þeir 700 kr. Frétt og uppkast að áprentun má sjá á heimasíðunni undir fréttinni Innkaupataupoki frá Vistvernd í verki.

Sýnum Vistvernd í verki, endurnotum, léttum álagið á jörðina.

Ný sveitarfélög

Frá því síðasti Gappari var gefinn út, hafa Fjarðabyggð, Akranes og Ísafjörður skrifað undir samning við Landvernd um verkefnið. Hvítársíðuhreppur ætlar að taka þátt í verkefninu eftir áramót. Þetta er lítið sveitarfélag og má búast við að það slái öll met í þátttöku miðað við höfðatölu. Það er Kristín Þ. Halldórsdóttir sem verður tengiliður Landverndar og Hvítársíðuhrepps, en Ólöf Guðmundsdóttir, leiðbeinandi úr Hafnarfirði mun leiða hópastarfið. Einnig hefur hið nýstofnaða sveitarfélag Bláskógabyggð í hyggju að gera samning við Landvernd á næstunni um Vistvernd í verki.

Fyrirtæki sýna Vistvernd í verki

Þó verkefnið Vistvernd í verki sé sniðið að þörfum heimila, nýtist það vel á öðrum vettvangi. Nokkur slík verkefni eru nú þegar komin í gang og ýmskonar samstarf er í undirbúningi.

- Nokkrir leikskólar hafa tekið þátt í verkefninu með góðum árangri.
- Starfsmönnum Orkuveitu Reykjavíkur stendur til boða að taka þátt í vishópi og hefur þátttaka þeirra skilað sér í umhverfisvænni lífsstíl bæði inni á heimilum og í fyrirtækinu.
- Aðrir styrktaraðilar verkefnisins munu brátt bjóða starfsmönnum sínum upp á þátttöku í vishópi á næstunni.
- BÍSN – Bandalag íslenskra sérskólanema mun eftir áramót bjóða nemendum sínum þátttöku í vishópi og ríkir mikill áhugi þar fyrir verkefninu.
- Nokkrar stofnanir Reykjavíkurborgar í Vesturbænum eru að undirbúa samstarf og myndun vishópa og má þar nefna Vesturgarð og Félagsþjónustuna.
- Umræður standa nú yfir á milli Vistverndar í verki og Vinnumiðlunar höfuðborgarsvæðisins um fyrirkomulag samstarfs þar sem atvinnulausum byðist þátttaka í verkefninu og jafnvel yrðu þróaðar hugmyndir til að skapa ný og vistvæn störf í tengslum við verkefnið.

Vefsíður um meðvituð innkaup

Á netinu eru ýmsar vefsíður fyrir þá sem vilja velja fyrir sér siðferði innkaupa sinna:

www.etiskforbruk.no - frumkvöðull fyrir réttláta verslun, sem stærstu norsku matvörukeðjurnar tengjast.

www.gronnguide.no - ábendingar um umhverfisvænar vörur.

www.ethicalconsumer.org - ensk samtök um réttláta neyslu.

www.cleanclothes.org - ensk vefsíða með upplýsingum um vinnuaðstæður í fataiðnaðinum. Nike, Adidas, Reebok, Disney, Benetton og Levi's eru meðal þeirra merkja sem um er fjallað.

Grænt jólahald

Snarað og staðfært af gronnguide.no

Við eigum að hafa leyfi til að gera okkur glaðan dag um jólin. Kauphátíðin í desember væri ekki stórt vandamál, ef það væri ekki líka kauphátíð hina 11 mánuðina í árinu. En þegar við höldum hátíð og gerum stórinnskaup, getum við allavega verið meðvitaðri um hvað við kaupum.

Hvernig?

- Líttu eftir viðurkenndum merkjum um lífrænt ræktaða matvöru þegar þú kaupir jólamat.
- Búðu til gjafirnar sjálf/ur eða gefðu upplifanir eða þjónustu í stað hluta. (Sjá [Gjafahugmyndir](#) í jóladálki heimasíðunnar)
- Endurnotaðu gjafapappír. Það má henda honum þegar hann er orðinn útjaskaður!
- Safnaðu hlutlausum öskjum, pappírspokum, maskínupappír og því um líku yfir árið. Með svólítilli hugmyndaauðgi í skreytingum getur þetta orðið að persónulegum og skemmtilegum gjafapappír. (Sjá nánari umfjöllun um [jólapappír](#) á heimasíðu)
- Sumum gjöfum er óþarfi að pakka inn. Kannski er hægt að útteila gjöfunum öðruvísi en að setja þær undir jólatréð?
- Kaupu einföld jólakort sem hægt er að endurvinna, eða búðu til kortin sjálf/ur. Forðastu kort með tónlist og litlum rafhlöðum, þau geta innihaldið kvikasilfur og kadmium og þeim þarf að skila sem spilliefni.
- Athugaðu möguleikann á því að kaupa jólatré í potti. Þá geturðu ef til vill plantað því út í garð eftir jólin og tekið það aftur inn um næstu jól (Vistvernd í verki ábyrgist ekki að þetta henti íslenskum aðstæðum).
- Hafirðu keypt íslenskt jólatré skaltu sjá til þess að það verði endurunnið. Ef þú jarðgerir ekki sjálf/ur geturðu athugað hvort hægt er að skila því til endurvinnslustöðva í þínu sveitarfélagi. Sum sveitarfélög, t.d. Reykjavík, sækja jólatrén af gangstéttum eftir jólin. Erlend jólatré geta borið með sér sjúkdóma, t.d. lýs og sveppi. Þau er því varhugavert að endurvinna með hvaða hætti sem er og þarf að meðhöndla undir háu hitastigi. Á heimasíðu Vistverndar í verki er grein eftir Stefán Gíslason um jólatrjákaup sem heitir [Jólatré og umhverfi](#).
- Endurnotaðu eins mikið og hægt er af jóladóti. Geymdu jólaskrautið til næsta árs.
- Búðu til sem mest af jólaskrautinu sjálf/ur.

Hvers vegna?

Peningar gefa okkur vald sem neytendur. Þegar við notum mikla peninga í mat, jólatré, jólagjafir og skraut, getum við einnig notað tækifærið til auka eftirspurn eftir vörum sem eru umhverfisvænni en gengur og gerist.


Á heimasíðu Vistverndar í verki er góð grein, snöruð úr Dagsavisen í Noregi, um meðvituð innkaup sem heitir [Jólainnkaup sem gera gott](#). Þar er einnig að finna tvær greinar eftir Jóhönnu B. Magnúsdóttur um vistvænt jólahald sem birtust í bæjarblaði Mosfellsbæjar fyrir jól 2001, [Vistvænni jól](#) og [Vistvænn jólaundirbúningur](#).

Þakkir

Við viljum nota tækifærið og þakka öllum þeim leiðbeinendum sem hafa unnið ótrúlega gott og óeigingjarnt starf undanfarna mánuði. Án ykkar væri verkefnið ekki til. Við þökkum einnig bakhjörulunum okkar sem ha fa gert Landvernd kleift að færa út kvíarnar og stækka verkefnið, okkur Íslendingum öllum til góða.

Viðtal við leiðbeinandann Sigrúnu Gísladóttur

Sigrún er leiðbeinandi í Hafnarfirði og hefur skilað áberandi góðu starfi þar í bæ. Það má með sannri segja að hún sé „topp“ leiðbeinandi enda full af eldmóði og áhuga á umhverfis- og mannúðarmálum.



Sp. : *Hvað vakti áhuga þinn á GAP?*

Ég fór á kynningarfund með Jónu Karólínu vinkonu minni haustið 2000. Við féllum báðar kylliflatar fyrir handbókinni og þá var ekki aftur snúið.

Sp.: *Var eitthvað sem kom þér á óvart þegar þú tókst þátt í visthópi?*

Já, - hvað það er í raun auðvelt að tileinka sér einfaldari lífsstíl með þessari aðferð. Við segjum stundum hér suður í Hafnarfirði ef fólk er lengi að komast á áfangastað, að það hafi farið Krýsuvíkurléiðina! Visthópurinn „Vistvinir“ var alveg einstakur og Sigurborg leiðbeinandinn sömuleiðis

Sp.: *Og hvað varð svo til þess að þú fórst á leiðbeinendanámskeið?*

Ármann, maðurinn minn hvatti mig til þess að koma með sér á námskeið sem haldið var í Hafnarfirði í febrúar 2001 og ég tók áskoruninni, hann leysti staðbundinn stjórnanda Huldu Steingrímsdóttur af á þessum tíma.

Sp.: *Segðu okkur frá hópunum sem þú ert búin að leiðbeina?*

Þeir eru tveir, fyrri hópinn, Jarðvini.is, leiddum við Ármann saman í beinu framhaldi af leiðbeinendanámskeiðinu, seinni hópinn, Jarðálfana, fór ég með af stað í maí í vor og héldu þau kynningarfund 7. október sl.

Sp.: *Hvernig líkar þér leiðbeinendahlutverkið?*

Mér finnst það mjög skemmtilegt en ég hef heilmikið fyrir þessu. Ég legg mjög mikið upp úr því að hjón mæti saman á byrjunarreiðsfundinn ef hægt er að koma því við, Jarðálfarnir gerðu grín að þessu á kynningarfundinum sínum og sögðust hafa fengið hjónabandsmeðferð í kaupbæti!

Sp.: *Er eitthvað nýtt sem þú lærir á því að leiðbeina (frá því að vera þátttakandi í visthópi?)*

Já, ég safna stöðugt í sarpinn, vishóparnir mínir hafa verið svo frjóir og skemmtilegir, segja má að vinnan hjá vishópi sé hópefli, einn fyrir alla og allir fyrir einn en leiðbeinandinn er bakhjarl sem styður við hópinn sinn og er í rauninni einyrki og stundum getur það orðið ansi einmanalegt. Þá er gott að geta haft samband við aðra leiðbeinendur. Við Jóna Karólína höfum stutt hvor aðra og mætum gjarnan á kynningarfundum hjá hvor annarri.

Viðtal við starfsmann Vistverndar í verki, Bryndísi Þórisdóttur

Bryndís hóf störf hjá Landvernd í september síðastliðnum og sinnir daglegum rekstri Vistverndar í verki. Hún er með BA-próf í sálfræði og hefur meðal annars starfað við kennslu.



Sp.: *Hvernig vildi það til að þú ákvaðst að taka að þér starf hjá Landvernd við verkefnið Vistvernd í verki?*

Umhverfismál hafa löngum verið hugðarefni mitt, ég tók þátt í Grænu framboði fyrir 11 árum í alþingiskosningum og hef reynt að þróa vistvænan lífsstíl talsvert lengur. Um tíma bjó ég í Noregi og þar gerðist ég þátttakandi í Miljöheimevernet sem er styrkt af mörgum stórum aðilum og býður fólki frjá þátttöku gegn þeirri skuldbindingu að taka a.m.k. 10 skref í vistvænu heimilishaldi. Frá þeim fæ ég alltaf send fréttabréf og svo er hægt að panta ýmsar upplýsingahandbækur og bæklinga, bæði frítt og gegn vægu verði. Þeir halda úti mjög öflugri heimasíðu (slóðin er www.gronnguide.no). Á sínum tíma hafði ég hug á því að útvíkka Miljöheimevernet til Íslands í samvinnu við norsku samtökin og var tekið vel í það í þeirra húsum. En ekkert varð af því. Nú er Miljöheimevernet einnig komið með GAP (Vistvernd í verki) á sín snæri og samvinna er á milli allra landa sem sinna þessu verkefni. Það má því segja að ég sé að láta 10 ára gamlan draum rætast. Mér líkar mjög vel í starfinu og er svo uppfull af hugmyndum, bæði að kynningu verkefnisins og nýjungum, að ég hugsa að ég hætti ekki fyrir en Íslendingar eru orðnir skærgrænir!

Sp.: *Ert þú búin að taka þátt í vishópi?*

Já, ég tók þátt í vishópi í vor sem kallaði sig Hlíðahópin. Kynningarfundurinn okkar var haldinn nú í haust og var auglýstur vel með fréttatilkynningum. Áhugasömum voru send boðskort og við fengum þrusugóða mætingu.

Sp.: *Hver fannst þér ávinningur þinn vera af vishópastarfinu með Hlíðahópnum?*

Satt best að segja þá ákvað ég að taka þátt í vishópi, aðallega til að komast aftur í snertingu við umhverfiseirann sem ég hafði ekki haft tíma til að sinna í mörg ár, nema á mínu eigin heimili. Það má því segja að tilganginum hafi fullkomlega verið náð, þar sem þátttakan leiddi mig til þessa frábæra starfs hér hjá Landvernd.

Ég bjóst ekki við því að ég mundi breyta lífsháttum míkið þar sem ég hafði verið lengi að spá í þessi mál, flokka, versla lífrænt, kaupa stórar einingar, vörur í litlum umbúðum, hjóla, nota almenningssamgöngur o.s.frv. Það kom því skemmtilega á óvart að ofan af þessum misskilningi skyldi flettast. Ég lærði heilmargt og gat bætt mig míkið. Eins og áður varð ég vör við að breytingarnar höfðu, fyrir utan umhverfislega ávinninginn, einnig í för með sér peningasparnað og jafnvel oft og tíðum tímasparnað og heilsufarslegan ávinning. Efnanotkun við þrif á heimilum er t.d. að mestu leyti óþörf vegna nýrra gerða af trefjaklútum sem hreinsa jafnvel betur en grænsápan og baneitraði rúðuúðinn. Það sem kom svo enn meira á óvart var hversu skemmtilegt var að hittast og fara í gegnum umhverfismálin á þennan hátt með öðru áhugafólki. Allskyns áhugaverðar umræður spruttu upp og nýjum hugmyndum og upplýsingum var miðlað og oftast en ekki skemmtum við okkur konunglega.

Sp. Hvaða verkefni hefurðu verið að sýsla við síðan þú byrjaðir að starfa hjá Landvernd í haust?

Eins og margir vita fékk verkefnið til liðs við sig nýja styrktaraðila í vor en það var eiginlega orðið nauðsynlegt að fá meira fjármagn inn í verkefnið þar sem það var orðið svo víðfeðmt. Undanfarin tvö ár hefur verið lagður mikilvægur grunnur að verkefninu, leiðbeinendur og staðbundnir stjórnendur þjálfaðir o.s.frv. svo það má segja að nú sé hinn ungi græðlingur að springa út í öllum regnbogans litum. Kynning á verkefninu hefur nú tvíeðst, m.a. með notkun nýja kynningarbássins sem hefur farið víða í haust. Í bígerð er svo samstarf við fyrirtæki og stofnanir sem vilja taka þátt í verkefninu. Í þróun eru nýjar leiðir til að nálgast almenning innan sveitarfélaga. Stuðningskerfið í kringum staðbundna stjórnendur og leiðbeinendur er í uppbyggingu og þróun. Heimasíða Vistverndar verður stöðugt líflegri.

Að öðru leyti er starf mitt almennt „utanumhald“ um verkefnið, þ.e. að halda utanum póstlista, útbúa viðurkenningarskjöl, skrifa fréttabréf, vinna úr niðurstöðum mælinga o.fl.

Sp.: Hvað er framundan hjá Vistvernd í verki?

Fyrir utan það sem ég nefndi hér á undan, stendur til að reyna að komast í betra samband við fjölmiðla þar sem fréttir af verkefninu kæmu reglulega, ábendingar um vistvænt heimilishald, umhverfisfréttir og spakmæli. Framundan er einnig að klára að vinna úr þeim niðurstöðum mælinga sem til eru og skrifa um þær góða skýrslu. Í framhaldi af því þarf svo að huga betur að fjölmiðlapættinum. Öllum almenningsbókasöfnum landsins hefur nú verið sent bréf og boðin Vistverndarhandbókin til kaups og mörg hafa þegar brugðist við. Til stendur að bjóða hana einnig öllum skólabókasöfnum landsins.

Bakhjarlarnir okkar ætla sér að bjóða starfsmönnum þátttöku í vishópi og mun ég því líklega leiða nokkra hópa innan þeirra fyrirtækja á næstu önn. Kynningarbásinn mun svo halda áfram för og hugmyndaflugið fær að leiða okkur áfram inn í nýja vistvæna tíma á Íslandi.

Við hverja á að hafa samband?

Á heimasíðu Vistverndar í verki er listi yfir staðbundna stjórnendur og starfsmenn Vistverndar í verki undir nafninu: [Við hverja á að hafa samband?](#)